

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð 14. október 2021: Fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um tilbúnað afurðir þjónustu- og nýsköpunarsviðs - R21030087

Eins og fulltrúi Flokks fólksins hefur marg oft nefnt er ekki að sjá miklar tilbúnað afurðir þrátt fyrir útstreymi hárra fjárhæða til sviðsins, þjónustu- og nýsköpunarsviðs. Hægt er að finna sorphirðudagatal á vefnum og rafrænar umsóknir um fjárhagsaðstoð en þá er að mestu upptalið. Fjármagn fer að mestu leyti í sviðið sjálft, alls kyns breytingar, og fjármunum er eytt við það að leggja niður og útvísta allri upplýsingatæknibjónustu á Upplýsingatækniskrifstofu sviðsins sem og í erlenda og innlenda ráðgjöf. Einnig í hugmyndasmiðjur og stofnun hugbúnaðarfyrirtækis innan sviðsins sjálfs. Gerðar hafa verið dýrar uppfærslur á húsgögnum og búnaði sviðsins langt umfram önnur svið og skrifstofur í Höfðatorgi. Spurt er: hversu margar lausnir, fyrir utan sorphirðudagatal og rafrænar umsóknir um fjárhagsaðstoð hefur Þjónustu- og nýsköpunarsvið klárað og gert aðgengilegar fyrir borgarbúa? R21030087